

Hæstarétti er rétt, meðan slíkt mál er þar til meðferðar, að fella niður verkanir dóms þess, sem um er að tefla, að nokkru leyti eða öllu, þó þannig, að trygging sé sett, ef þurfa þykir.

Eigi fær aðili afsalað sér réttarleið þeirri, er getur í grein þessari.

VII. KAFLI

60. gr.

Nú er landsyfirrætti eða einstökum yfirdómara falið í lögum, sem enn eru í gildi, að framkvæma einhverja ráðstöfun, og kemur Hæstiréttur eða hæstaréttar-dómari í staðinn.

61. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. júlí 1962 og taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Lög nr. 112/1935 falla úr gildi samkvæmt því, sem nú var sagt.

Frá gildistöku laga þessara fellur úr gildi XV. kafli laga nr. 85 23. júní 1936. Enn fremur falla þá úr gildi ákvæði þeirra laga um kæru til Hæstaréttar, önnur en ákvæði 169. gr., 1. mgr. 170. gr. og ákvæði í XVI.—XIX. kafla.

Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Um rannsókn og meðferð brota, sem refsing er lögð við í lögum þessum, fer að hætti opinberra mála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.